

Fréttabréf



AÐALFUNDUR JÖRFÍ

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þann **24. febrúar 2004 kl. 20:00 í Norrænahúsinu**. Efni fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Sjá nánar í fréttabréfinu.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari sýna úrval jöklamynda.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þann 24. febrúar 2004 kl 20:00 í Norrænahúsinu Efni fundarins er skv. 7. grein laga félagsins, sem hér segir:

1. kosning fundarstjóra og fundarritara
2. kjör heiðursfélaga (engar tillögur liggja fyrir)
3. skýrsla stjórnar
4. endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar félagsmanna
5. lagabreytingar (engar tillögur liggja fyrir)
6. kosning stjórnar
7. kjör valnefndar
8. kosning endurskoðenda
9. önnur mál

RANNSÓKNIR Á VEGUM JÖRFÍ 2003


Helsta starf félagsins í rannsóknum árið 2003 voru tvær rannsókniferðir auk sporðamælinganna:

1. Vorferð á Vatnajökul var farin 31. maí - 8. júní. Þátttakendur allan tímann voru 20. Til viðbótar voru 2 fyrri hluta ferðarinnar og 4 slógust í hópinn í lokin. Unnið var að margháttuðum rannsóknum á Grímsvötnum, Gjálpi og Skaftárkötlum. Í Kverkfjöllum var Gengissigið dýptarmælt. Afkomumælingar voru unnar, íssjarmælt ofan Skálarfellsjökuls og sett upp veðurstöð á Gæsaheiði ofan Hoffellsjökuls. Þrátt fyrir slæma spá var veður nothæft lengst af og vísindalegur árangur góður. Skýrsla um ferðina er í Jökli 53, en hann er nú að koma úr prentsmiðju.

2. Farið var til afkomumælinga á Mýrdalsjökul um Hvítasunnuhelgina. Boruð var 12 m hola á ísaskilunum milli Kötlu- og Sólheimajökuls en vegna veðurs og tímaleysis varð að hætta þar, að öllum líkindum var borinn ekki kominn í gegnum árlagið.

3. Sporðamælingar voru unnar eins mörg undanfarin ár. Jöklar hopa og sumir mjög mikið. Nánari grein er gerð fyrir sporðamælingunum í skýrslu Odds Sigurðssonar hér á eftir.

Rannsóknanevnd



Klofajökull í Eiríksjökli - ljósm. Oddur Sigurðsson

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2003

Óvenjulegt hlýindatímabil í 8 ár setur nú verulegt mark á flesta jökla landsins. Klettur stinga hausnum víða út úr miðjum skriðjöklum þar sem engir slíkir hafa sést áður. Við sjálfst liggur að Gígjökull slitni sundur neðarlega í brekkunni sem hefur verið rennibraut hans niður á sléttlendi um aldir. Það blasir við að jökullinn hætti að bera ís niður á flatann og eyðist hann því ört á næstu árum. Fréttir berast úr Örafum af slíkum einkennum í mörgum jöklum.

Rjúpnabrekkujökull hefur skilist frá aurhrúgöldunum við sporðinn og er nú auðmælanlegur. Það hefði fáa grunað fyrir áratug.

Mitt í flóttu jöklanna eru örfáir sem steyta görn og neita að hörfa fyrir góðviðrinu. Það eru Reykjarfjarðarjökull í Drangajökli sem fór á skeið í fyrra með 17 m spretti og bætti nú við 70 m. Búast má við að hann haldi áfram í nokkur ár eins og Leirufjarðarjökull og Kaldalónsjökull sem gáfust upp á rólunum í fyrra og hitteðfyrra. Skeiðarárjökull austanverður rak út úr sér tunguna um 80 m en á því hefur ekki fengist nein góð skýring. Hins vegar hefur röndin við vestanverðan jökulinn hrokkið til baka í stórum stökkum, nú á einu ári um 190 m en samtals 600 m á 5 síðastliðnum árum. Sólheimajökull styttist um 92 m og hefur aðeins einu sinni áður hrakist svo langt á einu ári en það var hitasumarið 1936. Þessar hrakfarir jöklanna eru ekkert undrunarefni þegar litið er til þess að 12 undanfarandi mánuðir voru þeir hlýjstu sem mælst hafa á Íslandi síðan mælingar hófust á þriðja tug 18. aldar.

Jöklamælingamenn vitjuðu 54 stöðva í haust. Þrjú jöklar skriðu fram. Auk ofantaldra tveggja jökla gekk Svínafellsjökull aðeins áfram einungis í mælilínu en jökuljaðarinn beggja vegna við hogaði. Allir aðrir jöklar hvikuðu til baka.

Rétt er að láta þess getið hér að jökullinn á Búrfellsdal í Svarfaðardal, hljóp fram í sumar eftir tilburði í þá veru í tvö ár. Búrfellsá, sem er varla nema lækur varð svo gruggug að hún litaði Svarfaðardalsá til ósa þannig að vart var veiðanlegt í ánni í sumar. Sagnir eru um að það sama hafi hent þar árið 1912. Þessi skálarjökull er ekki nema rúmur 1 km² þannig að þetta torskilda háttalag hendir jafnt litla jökla sem þá allra stærstu.

Oddur Sigurðsson



Búrfellsjökull (t.h.) í Svarfaðardal 15. september 2003 allur sprunginn við það að hlaupa fram. Teigardalsjökull (t.v.) nánast sprungulaus en hann hljóp fram árið 1971. Þetta eru tveir minnstu framhlaupsjökklar sem þekktir eru í veröldinni. - ljósm. Oddur Sigurðsson

JÖKLARIT SVEINS PÁLSSONAR

Nú um miðjan febrúar kemur út Jöklarit Sveins Pálssonar á ensku. Hingað til hefur almenningur erlendis ekki haft neinn aðgang að þessari vísindaritgerð sem er ein af þeim merkustu sem Íslendingur hefur skrifað. Hið íslenska bókmenntafélag gefur ritið út í samstarfi við Jöklarannsóknafélag Íslands og Alþjóða jöklafræðifélagið.

Í tengslum við útgáfudaginn verður haldið húsping til minningar um Svein Pálsson kl. 13:15 þriðjudaginn 17. febrúar í Norræna húsinu. Þar verða flutt tíu erindi um ýmsa þætti í lífi og starfi Sveins. Húspinginu stjórnar Sveinbjörn Björnsson.

Fyrirlestra flytja: Ágúst H. Bjarnason, grasafraeðingur; Helgi Björnsson, jarðeðlisfraeðingur; Karl Skírnisson, dýrafraeðingur; Lýður

Björnsson, sagnfraeðingur; Oddur Sigurðsson, jarðfraeðingur; Ólöf Garðarsdóttir, sagnfraeðingur; Richard S. Williams Jr., jarðfraeðingur; Sigurður Steinþórsson, jarðfraeðingur; Steinunn Inga Óttarsdóttir, bókmenntafræðingur; Trausti Jónsson, veðurfræðingur.

Húspingið verður öllum frjálst að sækja meðan húsrúm endist.

Oddur Sigurðsson

STARF BÍLANEFNDAR ÁRIÐ 2003

Starf bílanefndar var með nokkuð hefðbundnu sniði á síðasta ári. Farnar voru ferðir vegna rafvæðingar á Grímsfjalli, mælingaferð á Langjökul og vorferð á Vatnajökul.

Síðastliðið haust var hafist handa við að breyta fjöðrunarbúnaði undir Fordinum og naut bílanefnd þar aðstöðu og aðstoðar Gunnars Egilssonar á Selfossi, og er þeirri vinnu að mestu lokið. Búið er að fara í prufutúr á bílnum á Grímsfjall og voru menn sammála um að bíllinn hefði tekið miklum breytingum til hins betra.

Bílanefnd hefur fengið nýja aðstöðu fyrir Fordinn suður í Hafnarfirði í Hjallahrauni 9, áður húsnæði Slysavarnarfélags Hafnarfjarðar. Þarna hittist nefndin á þriðjudagskvöldum. Oft er kaffi á könnunni og allir eru velkomnir.

Árni Páll

HÚSASMÍÐJUFUNDIR

Á hverjum þriðjudagsmorgni milli kl. 9:00 og 10:00 hittast félagar í Jöklarannsóknafélaginu í kaffistofu Húsasmíðjunnar. Þangað koma menn á öllum aldri og ræða nýjar og gamlar ferðasögur.

SKÁLAGJÖLD ÁRIÐ 2004

Staður	Félagsmenn (kr/dag/mann)	Utanfélagsmenn (kr/dag/mann)
Grímsfjall	1500	1800
Jökulheimar	1000	1200
Esjufjöll	1000	1200
Aðrir skálar	700	900

Gjaldskráin var samþykkt á stjórnarfundum þann 12. janúar 2004.



Af Stóradalsheiði - ljósm. SÓE

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen